



27. mars 2024

Tilv.: 2403044

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, mál nr. 726.

Með tölvupósti dags. 7. mars óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands, um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, sbr. mál nr. 726 á 154. löggjafarþingi. Með frumvarpinu eru lögð til heildarlög um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu og er markmið þeirra að gera stjórnvöldum kleift að koma í veg fyrir að viðskiptaráðstafanir sem tryggja erlendum aðilum eignaraðild, yfirráð eða veruleg áhrif yfir rekstraraðilum eða fasteignum hér á landi gangi gegn þjóðaröryggi eða allsherjarreglu.

Með frumvarpinu verða ráðstafanir sem lúta að mikilvægum innviðum fjármálakerfisins tilkynningarskyldar til ráðherra og háðar samþykki hans. Eins og fram kemur í frumvarpinu kunna slíkar ráðstafanir jafnframt að vera háðar mati eða samþykki annarra stjórnvalda, líkt og þegar kemur að virkum eignarhlutum t.a.m. í fjármálafyrirtækjum sbr. VI kafli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Að mati Seðlabanka Íslands eru lagaskil óskýr varðandi þessar aðstæður og t.d. ljóst að matsviðmið 14. gr. frumvarpsins eru að einhverju leyti hin sömu og koma til skoðunar hjá Seðlabankanum á grundvelli laga er fjalla um fyrirtæki í fjármálastarfsemi, t.d. skv. 42. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Þá er rétt að hugað verði betur að samspili 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins við ákvæði laga á fjármálamarkaði um virka eignarhluti. Þannig er nauðsynlegt að í frumvarpinu verði kveðið á um málsmeðferð við meðferð slíkra mála þ.á m. um þá upplýsingagjöf til Seðlabankans sem er nauðsynleg til að Seðlabankanum sé unnt að beita umræddu ákvæði frumvarpsins.

Seðlabankinn bendir jafnframt á að ráðstafanir sem kynnu að verða gerðar við skilameðferð fjármálafyrirtækis, á grundvelli laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnanna og verðbréfafyrirtækja, kynnu jafnframt að verða háðar mati ráðherra samkvæmt frumvarpinu. Sem dæmi mætti taka þegar kröfu á lánastofnun er umbreytt í hlutafé. Ljóst er að ekki eiga sömu sjónarmið við, þegar um er að ræða annars vegar ráðstöfun á eignarhaldi sem gerð er að frumkvæði stjórnvalda, og hins vegar almennar fjárfestingar erlendra aðila. Fyrirnefndu ráðstafanirnar kunna að vera gerðar gegn vilja kröfuhafa og mikilvægt er að ekki sé grafið undan slíkum ákvörðunum með mati, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eða það tafið. Þá eru slíkar ráðstafanir nú þegar háðar samþykki ráðherra, sbr. 5. gr. laga nr. 70/2020, og vandséð hvernig frumvarpið samrýmist gildandi lögum hvað þetta varðar. Það gæti því komið upp sú staða að ráðstöfun við skilameðferð sé háð samþykki mismunandi ráðherra í ríkisstjórn, í það minnsta ef litið er til núverandi verkefnaskiptingar ráðherra, og í raun ákvörðun eins látin sæta rýni annars. Seðlabankinn leggur til nýjan 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins með eftirfarandi orðalagi:

„Lög þessi gilda ekki um ráðstafanir og ákvarðanir samkvæmt lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.“

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að gildissvið þeirra ráðstafana sem sæta rýni verði endurskoðað með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Ólafur Páll Ólafsson
lögfræðingur
skrifstofa bankastjóra

